

Mánudaginn 2. nóvembermánaðar  
Nr. 34/1896.

Rjettvísni  
gegn  
Birni Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 24. apríl þ. á., var Björn söðlasmiður Jónsson dæmdur fyrir þjófnað framinn í 1. sinn í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan sakarkostnað.

Þessum dómi hefir að ósk hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirrjettarins.

Það er sannað í málinu með eigin játningu hins ákærða, Björns Jónssonar, að hann í fyrra haust tók frá skipbrotsmönnum af skipinu Axel, er þá var strandað í Ólafsvík, ófrjálsri hendi nýlega regnkápu, sem komin er til skila. Kápan lá ofarlega í fjörunni, er ákærði tók hana.

Þetta afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neinn glæp, hefur undirdómarinn með rjettu heimfært undir 230. gr. almennra hegningarlaga, og með því landsyfirrjetturinn fellst á að hegning sú, sem undirdómarinn hefur gjört ákærða, sje hæfilega metin, svo og á ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnaðinn, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Svo ber ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sóknara og talsmanns ákærða, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og flutningur málsins fyrir yfirrjetti lögmætur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Akærða, Birni Jónssyni, ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflytningu- og svaramanns fyrir yfirrjetti, málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum, að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 9. nóvembermánaðar.

Nr. 32/1896:

Rjettvísín

gegn

Ámunda Filippussyni.

D ó m u r :

I máli þessu, sem höfðað var í hjerði gegn hinum ákærða, bónda á Bjólu, fyrir gripdeild, var ákærði með aukarjettardómi Rangárvallasýslu, gengnum 22. júnímán. þ. á., dæmdur samkvæmt 239. gr. almennra hegningarlaga til að sæta fangelsi við vatn og braud í 3×5 daga og til að greiða allan af málinu löglega leidandi kostnað, þar á meðal 5 kr. til talsmanns síns í hjerði. Dómi þessum er skotið til yfirdómsins eptir ósk hins dómfellda.